

## Erindisbréf fyrir skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga 2010–2014

0504189SA SI/gk  
Tilv.: 330

### Skipan skólamálanefndar

- Gunnar Einarsson, stjórnarmaður og bæjarstjóri Garðabæjar;
- Gunnar Gíslason, fræðslustjóri Akureyrarkaupstaðar;
- Kristín Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands
- Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar, og
- Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi Fljótsdalshéraðs
- Skólamálafulltrúi sambandsins hefur umsjón með starfi nefndarinnar
- Auk þess starfa með nefndinni sviðsstjórar, eða starfsmenn sviða, sambandsins þegar nefndin fjallar um mál sem koma inn á verksvið viðkomandi sviða

### Hlutverk skólamálanefndar

- Að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsemi sambandsins í skólamálum, þ.e. málefnum leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla, svo og öðrum skóla- og fræðslumálum sem snerta sveitarfélög.

### Helstu verkefni

1. Gefa umsagnir um skólamál að beiðni stjórnar og starfsmanna sambandsins.
2. Taka þátt í undirbúningi stefnumótunar sambandsins á sviði skólamála
3. Vera til ráðgjafar á sviði skólamála við gerð árlegra starfsáætlana sambandsins
4. Vekja athygli á þróun og breytingum í skólamálum, innanlands og erlendis, sem nefndin telur þörf á að sambandið vinni að eða miðli upplýsingum um
5. Vekja athygli á málum í rekstri og starfsemi skóla sveitarfélaga sem nefndin telur að þarfnist úrlausnar á vettvangi sambandsins
6. Vera til ráðgjafar við undirbúning viðburða sambandsins á sviði skólamála, svo sem ráðstefna, þinga og námskeiða

### **Fundir**

- Fundir eru haldnir mánaðarlega að jafnaði.

### **Boðun funda og fundargerðir**

- Skólamálafulltrúi boðar fundi með skriflegri dagskrá með hæfilegum fyrirvara og gengur frá fundargerðum í samráði við fundarmenn. Fundargerðir eru lagðar fyrir stjórn sambandsins til kynningar

### **Kostnaður af störfum nefndarinnar**

- Greidd er þóknun fyrir starf í nefndinni, þ.e. tiltekin fjárhæð fyrir hvern setinn fund, svo og ferðakostnaður þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, sbr. reglur sambandsins um greiðslur fyrir setu í fastanefndum.

Erindisbréf þetta er samið á grundvelli samþykktar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga á 722. fundi, 18. febrúar 2005, um stofnun skólamálanefndar sambandsins.

Erindisbréf þetta er samþykkt af stjórn  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
29. október 2010.

---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri